



## Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík  
Sími: 91-26700, Fax: 91-622516

Alþingi

Erindi nr. B 118 / 1697

komudagur 10/11 1995

Menntamálanefnd Alþingis,  
b/t Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns,  
Alþingi, 150 Reykjavík.

Reykjavík, 30. desember 1994

Öryrkjabandalag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla og þakkar fyrir að fá tækifæri til að fara yfir frumvarpið.

Eðlilega hefur verið hugað sérstaklega að þeim atriðum frumvarpsins er varða þá nemendur sem af einhverjum ástæðum eiga í erfiðleikum með að fylgja jafnöldrum sínum eftir í námi. Þar er um að ræða 18. og 19. gr. frv. sem lúta að fornámi og sérstökum stuðningi eða sérstökum deildum.

Varðandi nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum þarf að mörgu að huga því fötlun nemenda er á ólíkan veg. Fyrir hreyfihamlaða skiptlir aðgengi allt og aðstaða þannig afarmiklu, heyrnarlausir þurfa öflugan stuðning táknaáskilunar, blindir þurfa sérstaka aðstoð í ýmsu m.a. aðgengilegt námsefni sem nýtist þeim. Þroskaheftir þurfa aukalegan stuðning í misríkum mæli allt yfir í mikla aðstoð við hvaðeina, fjölfatlaðir nemendur þurfa margþætta aðstoð og oft afar viðamikla á allflestum sviðum og svo mætti áfram telja.

Við viljum leggja þá merkingu í 19. gr. frumvarpsins að hún eigi að tryggja þetta allt þ.e. að sérstakur stuðningur í námi og nauðsynlegur aðbúnaður svo og sérfræðileg aðstoð taki til allra fatlana og búi öllum svo þroskavænleg skilyrði til náms sem framast er unnt hver svo sem fötlun þeirra kann að vera. Hvað varðar mat menntamálaráðuneytisins á þörf s.s. sem í greininni segir þá treystir Öryrkjabandalag Íslands því að þar verði raunveruleg þörf látin ráða og fjármagn veitt samkvæmt því.


Við gerum okkur það ofurljóst, að markmið þessarar greinar svo og frumvarpsins í heild, nást ekki fram nema með auknum fjárveitingum til skólanna, sem gerir þeim kleift að rækja lagaskyldu sína. Fyrir því þarf að sjá á fjárlögum hvers árs svo markmið greinarinnar verði ekki orðin tóm. Öryrkjabandalag Íslands skorar því á Alþingi og stjórnvöld að tryggja það í kjölfar samþykktar þessa frumvarps að veitt verði viðunandi fjármagni til sérkennslumála svo og nauðsynlegs aðbúnaðar á framhaldsskólastiginu svo sú markmiðsgrein megi ná fram að ganga að: "fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er."

Varðandi 26. gr. frumvarpsins, sem fjallar um samstarfsnefnd um starfsnám bendum við á það að hvergi er meiri þörf á starfsnámi en einmitt hjá fötluðum og því eðlilegt og sjálfsagt að fulltrúi samtaka þeirra eigi þar hlut að máli. Við leggjum því eindregið til að Öryrkjabandalag Íslands fái fulltrúa í nefnd þessa.


Í sambandi við 34. grein fögnum við skýru ákvæði um endurmenntunarnámskeið eða annarskonar nám en leggjum til að í upptalningu aðila komi samtök fatlaðra og þá verði upptalningin þannig: "..... í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur, samtök fatlaðra o.s.frv."

Varðandi hin ýmsu almennu atriði frumvarpsins þá leggjum við ekki dóm á þau en viljum treysta á farsæla afgreiðslu Alþingis á málinu í heild, svo og að tekið verði tillit til ábendinga og beinna tillagna okkar í framangreindum atriðum.

F.h. Öryrkjabandalags Íslands,



Asgerður Ingimarsdóttir  
framkv.stj.



Helgi Seljan  
félagsm.fulltr.